

Betri samgöngur ohf.

Ársreikningur 2020

Betri samgöngur ohf.
Grandagarði 15,
101 Reykjavík

kt. 671020-0300

Skýrsla og áritun stjórnar

Ársreikningur Betri samgangna ohf. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Félagið var stofnað með heimild í 1. grein laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu.

Tilgangur félagsins er að hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. á innviðum almenningsamgangna, í samstarfi við Vegagerðina og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, í samræmi við samkomulag ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 26. september 2019. Samkomulagið gengur undir heitinu Samgöngusáttmáli. Félagið hefur yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra.

Samkvæmt Samgöngusáttmálanum er markmið með honum að stuðla að auknum lífgæðum á höfuðborgarsvæðinu með uppbyggingu skilvirkra, hagkvæmra, öruggra og umhverfisvænna samgönguinnviða. Með þessu markmiði er stefnt að eftirfarandi:

- Að stuðla að greiðum, skilvirkum, hagkvæmum og öruggum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu með jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta. Leita skal leiða til að dreifa umferðarálagi með markvissum hætti og bæta þannig nýtingu innviða.
- Að stuðla að því að loftslagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnislaust borgarsamfélag verði náð með eflingu almenningsamgangna, deilihagkerfis í samgöngum og bættum innviðum fyrir aðra vistvæna samgöngumáta og auk þess að hvetja til breyttra ferðavenja og orkuskipta.
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi með það að markmiði að draga stórlega úr umferðarslysum.
- Að tryggja skilvirka framkvæmd höfuðborgarpakkans og trausta umgjörð verkefnisins, m.a. með því að skilgreina samstarfsform, kostnaðarskiptingu, ábyrgð á tilteknum aðgerðum og fjármögnunarleiðir. Með höfuðborgarpakkanum er átt við uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu.

Félagið var stofnað 2. október 2020 og eru hluthafar og eignarhlutar þeirra þessir:

- Ríkissjóður Íslands	75,000%
- Reykjavíkurborg	14,085%
- Garðabær	1,818%
- Hafnafjarðarkaupstaður	3,220%
- Kópavogsbær	4,074%
- Mosfellsbær	1,296%
- Seltjarnarnesbær	0,507%

Hluthafar hafa gert með sér samkomulag sem tekur m.a. til stjórnskipulags félagsins, ákvarðana og upplýsingamiðlunar.

Stjórn félagsins hóf störf eftir stofnun félagsins í byrjun október og hófst þegar undirbúningur að rekstri og starfsemi þess, vegna þeirra yfirgripsmiklu verkefna sem heyra undir Samgöngusáttmálann og félagið mun hafa yfirumsjón með. Stjórnin gekk frá ráðningu framkvæmdastjóra eftir ráðningaferli, sem laun í desember. Framkvæmdastjórinn hóf störf í byrjun janúar 2021. Félagið hafði engar tekjur á árinu 2020 og óverulegan kostnað sem eingöngu tengdist undirbúningi að starfsemi þess.

Í stofnsamningi eru ákvæði um að ef hagnaður verður af starfseminni skuli honum einungis varið til

uppbyggingar samgangna á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við markmið Samgöngusáttmálans og að félaginu er ekki ætlað að skila arði og er hluthöfum óheimilt að taka arð úr félaginu.


Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé og ráðstöfun afkomu.


Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra Betri samgangna ohf. og að áliti þeirra koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gefa glögga mynd af stöðu félagsins í árslok í samræmi við lög og settar reikningskilareglur.

Stjórn og framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. júní 2021

Í stjórn

A. A. A.
Guðni E. Guðni


Sigrún Þórunn
'Plöf' Þórunn Þórunn


Framkvæmdastjóri



Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Betri samgangna ohf.

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana.

Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna. Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðum.

Kannað var hvort rekstur félagsins var í samræmi við þau lög sem um félagið gilda og eftir atvikum fjárlög og fjáráukalög sbr. meginreglur laga nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Endurskoðunin byggði á verk- og tímaáætlun sem stjórn félagsins var kynnt og er framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun, 11. júní 2021


Skúli Eggert Þórðarson
ríkisendurskoðandi



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Betri samgangna ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Betri samgangna ohf. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma efnahagsreikning og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Betri samgangna ohf. 31. desember 2020 í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábendingar

Vísað er til eftirfarandi skýringa og athugasemda í þeim.

- Skýring 3. Framkvæmdir sem unnar voru hjá Vegagerðinni á árunum 2019 og 2020 og fjármagnaðar af ríkissjóði og sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og tengjast Samgöngusáttmálanum eru ekki færðar í efnahagsreikningi félagsins þar sem endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir í árslok.
- Skýring 4. Í árslok hefur ekki verið gengið frá yfirfærslu lands frá ríkissjóði sem samkvæmt lögum um félagið og Samgöngusáttmála telst til hlutafjárframlags ríkisins.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Betri samgöngum ohf. og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur endurskoðenda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vītund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Betri samgangna ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu

ársreiknings, nema stjórnendur hafa ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika. Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 11. júní 2021

Birgir Finnbogason
endurskoðandi

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

31.12.2020

Skýr.

EIGNIR

Veltufjármunir

Kostnaður við stofnun og umsýslu	884.306
Handbært fé	3.282.195
Veltufjármunir	4.166.501

Eignir samtals **4.166.501**

31.12.2020

Skýr.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

Eigið fé

Hlutfé	4.000.000
Eigið fé	4.000.000

Langtímaskuldir

Skammtímaskuldir

Ógreiddur kostnaður	166.501
Skammtímaskuldir	166.501

Skuldir samtals 166.501

Skuldir og eigið fé samtals **4.166.501**

Skýringar

1. Starfsemi

Betri samgöngur ohf er opinbert hlutfélag og starfar á grundvelli laga nr. 81/2020 sem sett voru sérstaklega vegna starfsemi félagsins auk laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Heimili félagsins er að Grandagarði 16, 101 Reykjavík með kennitölu 671020-0300.

Megin tilgangur félagsins er að hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Betri samgangna ohf. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Þar sem eiginleg starfsemi félagsins hófst ekki fyrr en á árinu 2021, innifelur ársreikningur einkum upplýsingar varðandi stofnun þess. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Tímabil reikningsskila og dagsetning undirritunar

Reikningsár félagsins er almanaksárið og stjórn félagsins undirritaði ársreikning 2020 þann 11. júní 2021.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Gangvirði eigna

Hafin var vinna hjá Vegagerðinni við hluta af framkvæmdum sem falla undir Samgöngusáttmálann og mun kostnaður vegna þeirra færast yfir til félagsins og síðan eigenda. Eignirnar færast til félagsins á gangverði sem er það sama og bókfært kostnaðarverð þeirra hjá Vegagerðinni.

Í skýringu nr. 3 er gerð nánari grein fyrir heildarframkvæmdakostnaði og framlögum.

Framkvæmdakostnaður

Megin tilgangur félagsins er að annast uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við Samgöngusáttmálann og ráðstafa þeim til eigenda. Félagið hefur ekki tekjur af starfsemi sinni og telst því allur kostnaður vegna umsýslu þess og yfirstjórn til framkvæmdakostnaðar.

Í árlok 2020 er allur kostnaður vegna stofnunar og starfsemi félagsins á árinu færður til eignar í efnahagsreikning en kostnaðinum verður síðar deilt út á einstaka mannvirki samkvæmt reiknilíkani.

3. Yfirlit yfir framlög eigenda og framkvæmdir samkvæmt Samgöngusáttmála

	2019	2020	Samtals
Framlög			
Ríkið	2.400.000.000	3.000.000.000	5.400.000.000
Sveitarfélög	146.050.000	1.580.337.414	1.726.387.414
Framlög samtals	<u>2.546.050.000</u>	<u>4.580.337.414</u>	<u>7.126.387.414</u>
Fjárfestingar samtals	<u>1.651.836.353</u>	<u>4.364.366.781</u>	<u>6.016.203.134</u>
Framlög umfram framkvæmdir	<u>894.213.647</u>	<u>215.970.633</u>	<u>1.110.184.280</u>

Í árslok 2020 er ekki búið að ganga endanlega frá yfirfærslu á mannvirkjum í byggingu frá Vegagerðinni og uppgjöri á framlögum vegna þeirra. Þar sem uppgjör og reikningshaldslegur frágangur liggur ekki fyrir eru fjárhæðir ekki sýndar í efnahagsreikningi.

4. Eigið fé

	Hlutafé	Annað eigið fé	Samtals eigið fé
Innborgað hlutafé	4.000.000	0	4.000.000
Aðrar breytingar á eigin fé	0	0	0
Staða í árslok	<u>4.000.000</u>	<u>0</u>	<u>4.000.000</u>

Samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 81/2020 um félagið tekur það við landi í eigu ríkisins ásamt þeim réttindum og skyldum sem því tengjast og telst það hluti af hlutafjárframlagi ríkisins. Í lagagreininni kemur fram að gera skuli sérstakan samning við fjármála- og efnahagsráðherra vegna þessa. Í samræmi við framangreinda lagaheimild eru ákvæði um að félagið taki við Keldnalandi frá ríkissjóði og annast þróun og sölu þess. Ef ábati félagsins af sölu landsins verður minni en 15 ma.kr. tryggir ríkið að félagið fái a.m.k. þá fjárhæð til ráðstöfunar.

Þar sem ekki er búið að ganga frá samningi við ríkissjóð vegna landsins í árslok er hvorki það né hlutafjárframlag vegna þess fært í bækur félagsins.

5. Tengdir aðilar

Fjárskýsla ríkisins annaðist bókhald og fjárumskýslu vegna félagsins á árinu 2020. Í árslok á félagið 3:3 m.kr. í handbært fé sem er í vörslu ríkissjóðs.